

Reykjavík, 1. apríl 1996.

Hr. Guðjón Rúnarsson ritari allsherjarnefndar Alþingis
Skrifstofu Alþingis
Þórshamri
150 REYKJAVÍK

Varðar: Frumvarp til upplýsingalaga

Með vísan til samtals sendast hjálagðar reglur um aðgang almennings að upplýsingum um umsækjendur um opinberar stöður sem vísað er til í niðurlagi athugasemda við 4. gr. ofangreinds frumvarps. Reglurnar voru birtar ráðuneytunum með skýringum hinn 16. janúar sl. en með hliðsjón af tilmælum umboðsmanns Alþingis birtum í SUA 1989:28, 1992:74 og 1993:37, um kynningu breytinga á stjórnsluframkvæmd, þótti rétt að miða gildistöku við birtingu auglýsingar um setningu þeirra í Lögbirtingablaði. Birtist auglýsing ráðuneytisins í 13. tbl. þessa árs hinn 26. janúar sl.

Jafnframt vildi ég láta þess getið að þeir sem ráðuneytisstjórar tilnefndu úr sínum hópi til samráðs við frumvarpshöfunda voru Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytis og Þorsteinn Ingólfsson sendiherra, þáv. ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis.

F. h. r.

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 29. desember 1995 var samþykkt að stjórnarráðið skuli ekki vera bundið af áskilnaði umsækjenda um opinberar stöður um nafnleynd gagnvart almenningi og forsætisráðherra falið að setja reglur um framkvæmd samþykktarinnar.

Fyrir því eru hér með settar svofelldar

reglur

um aðgang almennings að upplýsingum
um umsækjendur um opinberar stöður:

1. gr.

Reglur þessar taka til Stjórnarráðs Íslands í heild og gilda um allar stöður sem það auglýsir lausar til umsóknar lögum samkvæmt.

2. gr.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfs- eða stöðuheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

3. gr.

Ef umsækjandi bindur umsókn sína skilyrði um nafnleynd, skal þegar í stað gera hlutaðeigandi umsækjanda viðvart um að stjórnvöld verða ekki af því bundin.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. og 7. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96/1969, og samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 29. desember 1995 til að öðlast gildi við birtingu auglýsingar um setningu þeirra í Lögbirtingablaði.

Í forsætisráðuneytinu, 16. janúar 1996.



Skýringar

Umboðsmaður Alþingis hefur vakið athygli forsætisráðherra á að brýnt sé að Alþingi taki með lögum af skarið um, hvort veita beri almenningi upplýsingar um þá, sem sækja um opinber störf. Þá hefur umboðsmaður einnig vakið athygli hans á, að meðan Alþingi hefur ekki tekið til þess afstöðu, sé jafnframt brýnt að tekin verði ákvörðun í Stjórnarráði Íslands um, hvort umsækjendur um opinberar stöður geti óskað nafnleyndar, til að gætt verði lögboðins samræmis og jafnréttis við meðferð slíkra umsókna samkvæmt jafnræðisreglu stjórnsýslulaga.

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 29. desember 1995 var að tillögu forsætisráðherra samþykkt að framvegis verði stjórnarráðið ekki bundið af áskilnaði umsækjenda um nafnleynd gagnvart almenningi og forsætisráðherra falið að setja reglur um framkvæmd hennar fyrir Stjórnarráð Íslands í heild. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar felst að ráðherrarnir hafa skuldbundið sig sem æðstu yfirmenn stjórnsýslunnar hver á sínu sviði til að afnema nafnleynd samkvæmt þeim reglum sem forsætisráðherra setur.

Um 1. gr.

Reglur þessar taka til Stjórnarráðs Íslands í heild, þ.e. allra ráðuneytanna, og gilda um allar auglýstar stöður sem það veitir, hvort sem þær eru í stjórnarráðinu eða stofnunum sem undir það heyra. Til að samræmi náist um meðferð starfsumsókna hjá hinu opinbera er rétt að ráðuneytin feli þeim stofnunum, sem undir þau heyra, að fylgja sömu reglum.

Um 2. gr.

Réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umsækjendur verður ekki virkur fyrr en umsóknarfrestur er liðinn og tekur aðeins til þeirra atriða sem upp eru talin í þessari grein, en ekki til umsókna eða annarra gagna um umsækjendur. Þegar umsóknarfrestur er liðinn ber því stjórnvaldi að útbúa sérstakan lista yfir nöfn og starfs- eða stöðuheiti umsækjenda. Listinn skal vera aðgengilegur þeim, sem eftir honum leita, en ekki er lögð skylda á stjórnvöld að eiga frumkvæði að birtingu hans.

Ef umsóknarfrestur er framlengdur, skal ekki veita upplýsingar um umsækjendur fyrr en liðinn er sá frestur sem framlengingin veitir.

Á listann skal aðeins taka þá umsækjendur, sem eiga umsóknir sem teknar verða til efnislegrar meðferðar. Þannig á t.d. ekki að taka á listann nöfn þeirra, sem dregið hafa umsóknir sínar til baka.

Loks ber að hafa í huga að reglur þessar byggja á almennri heimild stjórnvalda til að veita aðgang að upplýsingum í ríkari mæli en lög mæla fyrir um. Almennar þagnarskyldureglur í lögum, s.s. 32. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, og 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, takmarka ekki heimild stjórnvalda að þessu leyti, sbr. álit umboðsmanns Alþingis frá 13. október 1995 í málinu nr. 1097/1994.

Um 3. gr.

Með því að ekki hefur áður gilt ein regla um meðferð umsókna þar sem óskað er nafnleyndar þykir rétt að leiðbeiningarskylda stjórnvalda standi til að vekja athygli þeirra, sem enn kunna að áskilja sér nafnleynd, á að stjórnvöld verða ekki bundin af slíku skilyrði.

Stjórnvöld geta eftir sem áður sýnt umsækjanda þá tillitssemi að eiga ekki frumkvæði að því að birta upplýsingar um nafn hans.

Um 4. gr.

Forsætisráðuneytið hefur sent Lögbirtingarblaði til birtingar auglýsingu um afnám nafnleyndar umsækjenda um opinberar stöður. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirrar auglýsingar og ber að beita um stöður sem auglýstar eru lausar til umsóknar eftir útgáfu þess tölublaðs. Úpp frá því verður ekki þörf á að gera sérstakan fyrirvara um afnám nafnleyndar í auglýsingum um einstakar stöður.